



# Hvers þarfnast barn?

Í verkefninu greina nemendur þarfir barna og tengja þær við mannréttindi.

Markmið fræðslunnar:

1. Að nemendur geti greint þarfir barna og það hlutverk sem samfélagið spilar í þroska og mótun ábyrga einstaklinga.
2. Að nemendur kynnist Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna og/eða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.
3. Að nemendur fái þjálfun í að vinna í samstarfi við aðra.

## 1

### UNDIRBÚNINGUR

Pappírsrúlla, límband og tússpennar eða annarskonar litir. Eintök af Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna og/eða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna (sjá fylgiskjöl).

## 2

### KVEIKJA

Í upphafi verkefnis er hægt fá nemendur til að nefna einhverja eiginleika sem þeir dást að eða kunna að meta í fari sessunautar síns og af hverju. Næst eru nemendur beðnir um að velja fyrir sér hvað börn þurfi til að vaxa og dafna og verða að ábyrgum og heilsteypum einstaklingum. Í framhaldi af þeirri umræðu er hægt að kynna verkefnið.

## 3

### FRAMKVÆMD VERKEFNIS

1. Nemendum er skipt í 3-4 manna hópa. Hver hópur teiknar útlínur barns í fullri stærð á pappír og gefur barninu nafn.
2. Nemendur ákveða andlega og líkamlega eiginleika barnsins ásamt þeim persónuleika sem þeir vilja að barnið hafi sem fullorðinn einstaklingur (heilbrigður, með góða kímigáfu, góðhjartaður o.s.frv.). Þessir eiginleikar eru skrifaðir innan útlína barnsins. Hægt er að nota tákn eða myndir í stað orða (ef vill).
3. Í kringum barnið skráir hópurinn svo það sem barnið þarf til að geta vaxið og dafnað og öðlast eiginleikana (t.d. ef barnið á að verða heilbriggt þarf það mat og aðgang að heilbrigðisþjónustu). Hægt er að nota tákn eða myndir í stað orða (ef vill).
4. Því næst fá allir hópar eintak af Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna eða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og finna hvaða greinar yfirlýsingarinnar/sáttmálans tryggja barninu þær þarfir hópurinn hefur tekið saman. Númer greina er svo skrifað við hlið hvers atriðis. Hringur er dreginn í kringum þær þarfir sem ekki eru uppfylltar/koma ekki fram í yfirlýsingunni/sáttmálanum.
5. Næst kemur hver hópur sínu barni fyrir upp á vegg, kynnrir nýjan samfélagsþegn og segir stuttlega frá vinnu hópsins. Í hvert skipti sem þörf er tengd grein mannréttindayfirlýsingarinnar eða barnasáttmálans les einhver úr hópnum greinina upp fyrir allan hópinn.

## 4

### ÍGRUNDUN

Eftir að allir hópar hafa kynnt sitt barn er tilvalið að taka stutta ígrundun og ræða það helsta sem kom fram hjá hópunum. Ræðið eftirfarandi spurningar:

- Hverjar eru algengustu þarfir barns? Af hverju eru þær algengastar?
- Koma einhverjar þarfir aðeins fyrir einu sinni eða tvisvar?
- Eru þessar þarfir mikilvægar öllum börn?
- Vantar einhverjar þarfir í mannréttindayfirlýsinguna/barnasáttmálann? Ef svo er, hver er ástæðan fyrir því?